

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vigdísarsjóð.

1. gr.

Ég undirritaður, Tómas Helgason, kt. 210418-4159, stofna hér með sjóð til styrktar bókasafni Landbúnaðarháskóla Íslands þar með talið Tómasar- og Vigdísarsafn sem er deild innan bókasafns Landbúnaðarháskóla Íslands. Sjóðurinn heitir Vigdísarsjóður og er stofnaður til minningar um Vigdís Björnsdóttur konu mína (f. 14. apríl 1921 d. 28. maí 2005). Stofndagur sjóðsins er 19. október 2005 og heimili sjóðsins og varnarþing er að Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 1.000.000 (ein milljón krónur). Stofnfé skal haldast óskert í sjóðnum, verðtryggt með vísitölu neysluverðs (grunnvísitala 246,9). Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á ávöxtun hans. Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja bókasafn Landbúnaðarháskóla Íslands og skal úthlutað úr honum árlega tekjum hans umfram gjöld. Sérstaklega skal hugað að eftirtöldum verkefnum:
Að halda við áskrift tímarita í Tómasar- og Vigdísarsafni.
Skráning sérprentasafns Tómasar- og Vigdísarsafns.
Eflingu tæknibúnaðar bókasafnsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og önnur ávöxtun af stofnfé, gjafir, áheit og önnur framlög sem sjóðnum kunna að berast umfram þá hækkun sem reiknast miðað við breytingar vísitölu neysluverðs. Uppreikna skal stofnfé miðað við vísitölu eins og hún er 31. desember ár hvert, fyrst 31. desember 2005.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír fulltrúar:

Rektor Landbúnaðarháskóla Íslands og er hann formaður stjórnar.

Einn tilnefndur til fjögurra ára í senn af háskólaráði Landbúnaðarháskólans.

Einn upphaflega skipaður til fjögurra ára af stofnanda sjóðsins en síðar tilnefndur til sama tíma af stjórn sjóðsins úr hópi ættingja Tómasar eða Vigdísar.

Forstöðumaður sjóðsins skal vera prókúruhafi sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans og skal ávaxta hann í verðtryggðum skuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs eða með öðrum þeim hætti sem sjóðsstjórn er sammála um að telja jafn öruggan. Skýrsla um starfsemi sjóðsins ásamt reikningum skal birtast í ársskýrslu skólans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim skoðunarmönnum sem stjórn sjóðsins kys. Reikningana skal senda til Ríkisendurskoðunar fyrir 30. júní ár hvert.

7. gr.

Verði sú breyting á hlutverki og rekstri Landbúnaðarháskóla Íslands að breyta þurfi skipulagsskrá þessari til þess að sjóðurinn nái tilgangi sínum skal stjórn það heimilt enda sé það samhljóða álit hennar. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á breytingunum.

8. gr.

Verði starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands lögð niður skulu eignir sjóðsins renna til sambærilegra verkefna við aðrar háskólastofnanir eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður, að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. nóvember 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.